

## 33

15. júní

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdar 1.—8. gr. laga nr. 21. 6. okt. 1919; um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

## 34

15. júní

## LÖG

um

**breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða.**

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 3. málgr. 5. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, kemur:

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

Bifreiðarstjóri, sem brýtur ákvæði 9. gr. 2. málgr., er slys vill til, eða ekur bifreið ölvaður, skal, auk sekta eftir 14. gr., sviftur ökuskírteini um ákveðinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði, eða æfilangt, ef brot er ítrekað, verulegt slys hlýttst fyrir ölaði eða miklar sakir eru að öðru leyti.

Svifting ökuskírteinis skal gerð með dómi í máli því, sem höfðað er út af brotinu, og má ennfremur láta önnur brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, ef ítrekuð eru eða miklar sakir eru að öðru leyti, varða, auk sekta eftir 14. gr., sviftingu ökuskírteinis um ákveðinn

tíma eða afilengt. Ef lögreglustjóri telur nauðsyn til bera, er honum heimilt að svara 34  
 svara bifreiðarstjóra, sem hann telur hafa brotið ákvæði laganna eða áður- 15. júní  
 nefndra reglugerða, ökuskírteini til bráðabirgða, þar til dómur fellur. Sama er  
 og ef lögreglustjóri álitur, að bifreiðarstjóri fullnægi ekki lengur skilyrðum  
 þeim, er útheimtað til að fá ökuskírteini.

#### 2. gr.

Í stað „12 kílómetrar“ í 2. málsg. 6. gr. laganna kemur: 18 kílómetrar,  
 og í stað „35 km.“ kemur: 40 km.

#### 3. gr.

Á eftir 12. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Rjett er, í reglugerð, sem sett er samkvæmt lögum þessum, að ákveða  
 lágmark hvíldartíma í sólarhring hverjum fyrir bifreiðarstjóra, með hæfilegri  
 hliðsjón af hattu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi.

Greinatalan breytist eftir því.

#### 4. gr.

Aftan við 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru  
 samkvæmt þeim, seta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

#### 5. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:

Sjerhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfjelagi, sem  
 viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, 3000  
 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 1000 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að  
 ræða hjá sama eiganda. Skal með því vera trygð greiðsla, að því leyti, sem  
 til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða,  
 sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla  
 bifreiðir og þær þríhjóla, sem atlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt  
 tryggðar fyrir 1500 kr.

Undanþegnar tryggingarskyldummi eru þær bifreiðir, sem eru íslensk  
 ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga.

Bifreiðareigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir  
 í 1. málsgrein, ef hann afhendir lögreglustjóra verðbrjef eða aðra trygging,  
 er gild verður tekin, enda nemi hún sömu upphæð fyrir hverja bifreið og ákveð-  
 ið er í 1. málsgrein.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um tryggingarskylduna og  
 um viðurkenning á tryggingarfjelogum. Skulu þar ákveðnar sektir fyrir brot  
 á reglugerðinni.

**34**  
 15. júní Iðgjöld, er tryggingarskyldur bifreiðareigandi skuldar viðurkendu tryggingarfjelagi, eru lögtakskræf.

Tryggingarfjelagi skal gerður kostur á að kynna sjer í rjettinum skaðabótakröfur á hendur þeim, er trygt hefir bifreið í fjelaginu, og láta uppi álit sitt áður en skaðabótamálið er útkljáð með sætt eða dómi.

Ákvæði þessarar greinar koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið auglýsir viðurkenning á tryggingarfjelagi eða fjelögum.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella texta þeirra og texta laga nr. 15, 18. maí 1920, inn í lög nr. 88, 14. nóv. 1917, og getur konungur þá gefið þau lög út, þannig breytt, sem lög um notkun bifreiða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

---

*Magnús Guðmundsson.*